

Ed.

362. Breytingartillaga

[117. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr. frv. orðist svo:

Síðasta mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sómu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Greiðslur bóta skulu í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.